

**A 1633/presidiet**

Lagt fram af:

Anders Eriksson (ÅF),
Christian Beijar (S), Christina
Gestrin (sv), Finn Sørensen
(EL), Helgi Abrahamsen (sb),
Høgni Hoydal (T), Róbert
Marshall (Björt framtíð),
Steingrímur J. Sigfússon
(VG), Torgeir Knag Fylkesnes
(SV)

Fjallað um í:

Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00281-4

Þingmannatillaga um aðgerðir til að vinna áfram með hugmyndina um norrænt sambandsríki

Okkur er hugleikið að þær hugmyndir sem Gunnar Wetterberg kynnti í bókinni „Sambandsríki Norðurlanda“ falli ekki í gleysku heldur verði einnig hluti af stjórn málaumræðu á Norðurlöndum framvegis. Margar af þeim hugmyndum sem sagt er frá í bókinni eru vel þess virði að lagt verði frekara mat á þær og þær greindar.

Samstarf Norðurlanda er á margan hátt einstakt á heimsvísu og samstarf norrænna þingmanna er eitt hið elsta sinnar tegundar í heiminum. Samstarf Norðurlanda er einstakt á margan hátt, ekki síst vegna þess að það hefur breiðan stuðning Norðurlandabúa. Það eru til dæmis til skoðanakannanir sem sýna víðtækan stuðning við hugmyndina um norrænt sambandsríki.

Á mörgum löggjafarsviðum gæti aukið samstarf Norðurlanda skilað ávinningi fyrir almenning. Um þessar mundir er unnið af krafti að því á vettvangi Norðurlandaráðs að draga úr stjórnsýsluhindrunum. Besta lausnin á stjórnsýsluhindranavandanum er norrænt sambandsríki/ríkjasamband og aukið svæðisbundið samstarf af ýmsu tagi. Þangað erum við ekki komin ennþá, en skoða þarf spurninguna um norrænt sambandsríki einnig í því ljósi.

Á mörgum sviðum eru mikil tækifæri og ávinningur falinn í sterkara sambandi Norðurlanda, til dæmis varðandi eftirfarandi:

- Sameiginlegur vinnu- og námsmarkaður: Norðurlönd án landamæra veita einstaklingum mun meiri réttindi og tækifæri á sviði atvinnu og náms.
- Umhverfi og loftslag: Norrænt sambandsríki getur verið í fararbroddi í þróun sjálfbærs samfélags sem getur tekist á við viðfangsefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

- Fjárhagslegur sparnaður: Verulegur sparnaður felst í því að draga úr „tvíverknaði“ vegna þess að sameiginleg aðföng og fjárfestingar geta skilað ávinningi vegna aukinnar skilvirkni.
- Atvinnulíf og rannsóknir: Með því að reglugerðir verða í auknum mæli sameiginlegar og stjórnsýsluhindrunum fækkar batna starfsskilyrði atvinnulífsins. Samhæfð rannsóknastefna styrkir stöðu Norðurlanda í fararbroddi á sviði rannsókna og nýsköpunar.
- Menningarlegur fjölbreytileiki: Norðurlönd án landamæra efla menningarlíf og menningarmiðlun milli þjóða og menningarheima.
- Áhrif á alþjóðavettvangi: Norrænt sambandsríki verður 10. stærsta efnahagskerfi heims og nær frá Thule í vestri til Kareliu í austri. Norðurlönd geta orðið áhrifamikil á alþjóðavettvangi og margir munu leita eftir bandalagi og samstarfi við þau.

Áhugavert væri að móta nánari tillögu um það hvernig norrænt sambandsríki/ríkjasamband og ýmsar gerðir nánara svæðisbundins samstarfs gætu litið út, meðal annars í tengslum við norrænu þingin. Tillöguna væri síðan hægt að leggja til grundvallar pólitískri umræðu, ekki aðeins í Norðurlandaráði heldur einnig í þjóðþingunum. Við teljum að umræða sem byggir á skýrum tillögum geti rutt veginn fyrir þróun stjórnskipulegra málefna á Norðurlöndum. Við erum sannfærð um að slík framtíðarumræða geti hleypt nýju lífi í stjórn málaumræðu á öllum Norðurlöndum.

Í þessu ljósi er lagt til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að skipa sérfræðingahóp, til dæmis með fulltrúum úr háskólum Norðurlanda, til að gera þær athuganir sem þarf og til að móta mismunandi hugmyndir um það hvernig norrænt sambandsríki/ríkjasamband og mismunandi gerðir nánara svæðisbundins samstarfs geti litið út og hvernig það gæti starfað með þingunum.

að Norræna ráðherranefndin kynni Norðurlandaráði ofanefndar skýrar tillögur í skýrslu,

að samstarfsráðherrar Norðurlanda hafi umsjón með ferlinu.

að Norðurlandaráð skipi nefnd með fulltrúum úr Norðurlandaráði til að fylgjast með ferlinu.

Kaupmannahöfn 9. október 2014

*Anders Eriksson (ÁF)
Christian Bejjar (ÁSD)
Christina Gestrin (sv)
Finn Sørensen (EL)
Helgi Abrahamsen (sb)*

*Hogni Hoydal (T)
Róbert Marshall (Björt framtíð)
Steingrímur J. Sigfússon (VG)
Torgeir Knag Fylkesnes (sv)*

Norðurlandaráð

A 1633/presidiet

Lagt fram af:

Anders Eriksson (ÁF),
Christian Bejjar (S), Christina
Gestrin (sv), Finn Sørensen
(EL), Helgi Abrahamsen (sb),
Hogni Hoydal (T), Róbert
Marshall (Björt framtíð),
Steingrímur J. Sigfússon
(VG), Torgeir Knag Fylkesnes
(SV)

Fjallað um í:

Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00281-4

Norðurlandaráð

A 1633/presidiet

Lagt fram af:

Anders Eriksson (ÁF),
Christian Bejjar (S), Christina
Gestrin (sv), Finn Sørensen
(EL), Helgi Abrahamsen (sb),
Hogni Hoydal (T), Róbert
Marshall (Björt framtíð),
Steingrímur J. Sigfússon
(VG), Torgeir Knag Fylkesnes
(SV)

Fjallað um í:

Forsætisnefnd

Númer skjals 14-00281-4